

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

#### *Breytt deiliskipulag H-2, vesturhluti.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 15. apríl 2021 breytingar á deiliskipulagi H-2, vesturhluti. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði (H-2) Eiðið, vesturhluti. Helstu breytingar eru að útbúin er ný byggingarlóð við Kleifar 3a, sett eru inn tvö geymslusvæði fyrir Vestmannaeyjabæ sem staðsett eru norður við skipalyftu og svæðismörk skipulagsins eru færð til austurs.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Breytt deiliskipulag H-2, austurhluti.*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 15. apríl 2021 breytingar á deiliskipulagi H-2, austurhluti. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði (H-2) Eiðið, austurhluti. Breytingarnar felast í að svæðismörkum skipulagsins er breytt og mörkin færð austar vegna nýrra lóða, að vesturenda lóðamarka Kleifa 1 og Kleifa 6.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

#### *Breytt deiliskipulag fyrir Áshamar (ÍB-4).*

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 15. apríl 2021 breytingar á deiliskipulagi íbúðarhverfis Áshamars (ÍB-4). Helstu breytingar á svæðinu eru m.a. að bætt er við lóð fyrir dreifistöð rafmagns og gerð er skilmálabreyting fyrir hámarksstærð íbúða sem tilheyra raðhúsareitum.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

*F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 11. maí 2021,*

**Dagný Hauksdóttir** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. maí 2021